

Fundargerð

136. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 16. mars. 2010 kl. 12⁰⁰ –14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Ársreikningur 2009
- (3) Endurgjald fyrir endurvinnslu á pappa- og pappírsumbúðum
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (135. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina. Ákveðið að taka fyrir dagskrárlið 3 á undan dagskrárlið 2.

3. Endurgjald fyrir endurvinnslu á pappa- og pappírsumbúðum

ÓK fór yfir greiðslur frá Úrvinnslusjóði til þjónustuaðila og þróun á afurðarverði flokkaðs pappa- og pappírsumbúða á endurvinnslumörkuðum í Þýskalandi. Svigrúm virðist til að taka til baka hluta af tímabundinni hækkun á greiðslu til þjónustuaðila sem ákveðin var haustið 2008.

Stjórn samþykkir að lækka greiðslu Úrvinnslusjóðs um 3 kr/kg til þjónustuaðila frá og með 1. apríl n.k..

2. Ársreikningur 2009

Ársreikningur fyrir árið 2009 lagður fram. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

Reikningurinn var samþykktur og hann verður sendur stjórnarmönnum til undirritunar.

ÓK falið að fá nánari skýringar á ábyrgð stjórnar á reiknisskilaaðferðum. Óskaði eftir greinargerð um stöðu leysiefna

4. Önnur mál

Ögmundur Einarsson lagði fyrirspurnir, annars vegar vegna greiðslu fyrir brennslu óflokkaðs úrgangs er ber úrvinnslugjald og hins vegar vegna undanþáguheimilda á EES svæðinu til að ívilna innlendri endurvinnslu.

GGS fer yfir væntanlegt frumvarp til breytinga á úrvinnslugjaldi.

Fundi slitið kl 14:00.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.